

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra, 133. fundur

133. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra haldinn miðvikudaginn 9. mars 2011, kl. 14.00, á skrifstofu heilbrigðiseftirlitsins að Furuvöllum 1, Akureyri. Þessir voru mættir: Sigurjón Jóhannesson, Birna Jóhannesdóttir, Hafsteinn Gunnarsson, Steinn Karlsson, Kristín Halldórsdóttir, Þórir V. Þórisson, Þorkell Björnsson, Þórey Agnarsdóttir og Alfreð Schiöth, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. Ársreikningur 2010 kynntur og borinn upp til samþykktar.

Framkæmdastjóri kynnti ársreikning og svaraði fyrirspurnum og var ársreikningur 2010 samþykktur án athugasemda.

3. Greint frá eftirlitsheimsókn ESA til matvælastofnunar og HES

Framkæmdastjóri skýrði frá heimsókn eftirlitsmanna frá ESA. Fram kom að auknar kröfur eru gerðar til samræmingar, til aukinna skráninga og eftirfylgni vegna eftirlits með matvælum. Þá komu fram gagnlegar upplýsingar um verkaskiptingu milli Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

4. Þróun á miðlægum gagnagrunni hjá Matvælastofnunar

Framkæmdastjóri skýrði frá vinnu hjá Matvælastofnun við gerð á miðlægum gagnagrunni sem getur m.a. þjónað heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Matvælastofnun gerir ráð fyrir að kynna gagnagrunnin í næsta mánuði.

5. Sorpbrennslur og förgun á sóttmenguðum úrgangi:

Þorkell Björnsson kynnti auknar kröfur vegna förgunar á úrgangi, m.a. í framhaldi af reglugerð um meðferð sláturúrgangs og helstu úrræði til förgunar á slíkum úrgangi. Eftirfarandi var fært til bókar að hálfu heilbrigðisnefndar:

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á mikilvægi þess að sveitarfélög eigi aðgang að góðu brennsluúrræði vegna aukinna krafna til förgunar á dýrahraejum, áhættuvefjum úr búpeningi og vegna sóttmengaðs úrgangs. Heilbrigðisnefnd hvetur sveitarfélög til að eiga með sér samstarf um söfnun, flutning og brennslu á fyrrnefndum úrgangi. Brennsla er eina örugga förgunarleiðin þegar um er að ræða riðu (þ.e. prionsjúkdómur) og ýmsa aðra alvarlega sjúkdóma (t.d. miltisbrand).

6. Staðlar er varða öryggi leiktækja

Dórey Agnarsdóttir skýrði frá notkun staðla við úttektir á leiktækjum m.t.t. slyshættu og nefndi dæmi út starfi.

7. Móttökustöð Gámaþjónustu Norðurlands ehf við Rangárvelli, Akureyri

Framkvæmdastjóri rakti gang mála varðandi uppbyggingu á nýrri móttökustöð fyrir úrgang á Rangárvöllum á Akureyri, þar sem tekið er við úrgangi til ummálsminnkunar og áframflutnings á nýjan urðunarstað við Blönduós.

8. Skútustaðahreppur, umsögn vegna gjaldskrár fyrir sorphirðu

Framkvæmdastjóri hefur svarað erindinu og er það lagt fyrir nefndina til staðfestingar. Eftirfarandi svar var gefið: ”**Gjaldskráin er rétt uppsett og með heimild í samþykkt nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlands eystra. Forsendur útreikninga og ákvörðun um einstakar upphæðir eru hins vegar á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags og ekki heilbrigðiseftirlitsins að fjalla um. Heilbrigðiseftirlitið vill þó minna á að gjaldskráin skal á hverjum tíma endurspeglar raunkostnað**”.

9. Umhverfisstofnun, umsögn vegna áætlunar um dioxín-mælingar

Framkvæmdastjóri kynnti umsögn vegna áætlunar Umhverfisstofnunar um dioxín-mælingar í jarðvegi, m.a. við gömlu og nýju sorpbrennslurnar við Húsavík.

10. Deiliskipulag Bjarnarflagsvirkjunar

Þorkell Björnsson kynnti deiliskipulag Bjarnarflagsvirkjunar og kom inn á grunnvatnsflæði á svæðinu og mengunarvarnir.

Umsóknir um starfsleyfi:

**11. Isavia ohf, kt. 550110-0370, umsókn um endurnýjun starfsleyfis (nýr rekstraraðili), vegna Þórshafnarflugvallar
Samþykkt.**

**12. Isavia ohf, kt. 550110-0370, umsókn um endurnýjun starfsleyfis (nýr rekstraraðili), Húsavíkurflugvallar
Samþykkt.**

**13. Norðurbík ehf, kt. 410704-2260, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi
Samþykkt.**

14. Landflutningar-Samskip, kt. 440986-1539, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi á Dalvík.

Samþykkt.

15. Landflutningar-Samskip, kt. 440986-1539, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi á Akureyri.

Samþykkt.

16. Flugleiðahótel ehf. kt. 621297-6949, endurnýjun á starfsleyfi fyrir Hótel Eddu, Stórutjörnum, Þingeyjarsveit

Samþykkt.

17. Önnur mál.

Framkæmdastjóri kynnti umsögn vegna breytinga á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar vegna efnistökusvæða.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.15

Þórdís Rósa Sigurðardóttir, formaður

Alfreð Schiöth

Sigurjón Jóhannesson

Þorkell Björnsson

Birna Jóhannesdóttir

Þórey Agnarsdóttir

Hafsteinn H. Gunnarsson

Þórir V. Þórisson

Steinn Karlsson

Kristín Halldórsdóttir